

Tillaga um kynhlutlausa búningsklefa í sundlaugum Kópavogs

Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og BF Viðreisnar leggja til að bæjarráð samþykki að bæta aðgengi að ókyngreindum búningsklefum í sundlaugum bæjarins.

Greinagerð

Kynhlutlausir klefar henta meðal annars transfólki og öðrum sem ekki falla inn í kynjatvíhyggjuna.

Mikil aukning er nú á fjölda trans barna og unglinga en sú þróun á sér stað um öll vesturlönd um þessar mundir og stafar af aukinni umræðu og auknum réttindum trans fólks í þessum löndum. Trans börn og ungmenni, eins og önnur börn og ungmenni, eru skólaskyld og meðal annars skyld til að taka þátt í sundkennslu. Það að ekki séu til klefar við hæfi fyrir hluta þessa hóps en að hann sé á sama tíma skyldaður til að taka þátt í sundi er því algjörlega óviðunandi.

Þar að auki þarf ekki að fjölyrða um þá heilsufarsbót sem sundiðkun er. Transfólk er í aukinni hættu á ýmsum heilsufarskvillum, svo sem þunglyndi og kvíða. Það að aðgengi þeirra að sundstöðum sé skert getur aukið enn á þennan vanda.

Staðan í sundlaugum Kópavogs þann 6.05.2021

Sérklefar (kynhlutlausir klefar) sem eru sérstaklega ætlaðir til að taka vel á móti:


Trans fólki (og börnum) þ.m.t kynsegin fólk, entersex fólki (og börnum) , foreldrum fatlaðra barna og barna sem þurfa sérstaka aðstoð og eru af örðu kyni, fötluðu fólki með aðstoðarmenn af örðu kyni, börnum að aðstoða foreldra sem eru af örðu kyni, fólki með heilsufarsvanda, svo sem stóma....

Staðan Salalaug:

Sérklefinn í Salalaug er „sjúkraherbergið“ í anddyri mannvirkisins, með beint aðgengi inn sem og beint aðgengi út að sundlaug.

Þar er sturta og snagar og bekkur. Rúmar í raun bara 1 gest plús aðstoðarmann ef um fatlaðan einstakling eða barn er að ræða.

Að sögn forstöðumanns hefur þetta ekki verið vandamál í Salalauginni síðustu 5-6 árin.



Höfum tvisvar eða þrisvar fengið börn sem skilgreina sig ekki af því kyni sem þau fæddust sem. Höfum einmitt notað sérklefann og það hefur gengið vel.

Jafnframt stendur sundlaugargestum Salalaugar til boða að nota séraðstöðu í baðklefum karla og kvenna þar sem sturtuhengi skilur að almennt sturturými í hvorum klefa (karla og kvenna), en þá gefst gestum færi á að afklæðast á snyrtingum fyrir fatlaða og nýta skápa í almennum rýmum áður en til sturtuklefa er gengið.

Til að auka aðgengi að ókyngreindum búningssklefum í Salalaug enn frekar mætti;

- auglýsa núverandi aðstöðu betur fyrir sundlaugargestum á heimasíðu/í anddyri sundlaugarbyggingarinnar (sbr. Rvk)
- ráðast í endurbætur/breytingar á núverandi búnings- og baðaðstöðu í kynbundnum klefum með kynhlutleysi í huga
- byggja við (og eða nýja) búnings- og baðaðstöðu laugarinnar með kynhlutleysi gesta


Staðan Kópavogslaug:

Í Sundlaug Kópavogs eru tveir klefar sem kalla mætti sérklefa. Þeir eru tengdir sitt hvorum innibúningsklefum (karla og kvenna) á efri hæð byggingarinnar.

Klefarnir eru ætlaðir þeim sem eru hreyfihamlaðir (sérstakur bekkur til að auðvelda þeim að skipta um föt) og fyrir þá gesti sem þurfa að vera sér t.d. ef fullorðinn fylgir einstaklingi af gagnstæðu kyni sem ekki getur fylgt honum í klefa t.d. sökum aldurs.

Allir sem vilja geta nýtt sér þessa klefa og þar með talið transfólk.

Ekki er hægt að læsa þessum klefum í dag yfir í almenna búningsklefann en lokaðlegar dyr skilja þó á milli, (mætti loka innanfrá). Sér inngangur er í þessa klefa þannig að hægt er að fara til laugar án þess að fara í gegnum almennu búningsklefana.



Til að auka aðgengi að ókyngreindum búningsklefum í Kópavogslaug enn frekar mætti;

- auglýsa núverandi aðstöðu betur fyrir sundlaugargestum á heimasíðu/í anddyri sundlaugarbyggingarinnar
- ráðast í endurbætur/breytingar á upprunalegum búnings- og baðklefum Kópavogslaugar frá 1991 (í boganum) með kynhlutleysa klefa í huga
- skilgreina búningsklefa í kjallara SK sem kynhlutlaus klefa þó svo beint hjólastólaaðgengi sé ekki til staðar upp úr kjallaranum og að notast þurfi lyftu í anddyri sundlaugarbyggingarinnar til að komast til sundlauga og potta.
- byggja við (og eða nýja) búnings- og baðaðstöðu laugarinnar með kynhlutleysi gesta að markmiði.